

mætum sveitarfundi eða sveitarfundum. Gildir sú skipun þangað til **31**
fundarsamþykktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar þá hrepps- 31. maí
nefnd eða hreppsnefndir skattinum niður með aukaútsvörum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

32

31. maí

sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-
fest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er kirkju- og kenslumálaráðherra að selja jörðina Hest
í Súðavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, sem útlögð hefir
verið sem prestssetur í Ögurþingaprestakalli. Um söluna fer sam-
kvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.